

Nd.

105. Frumvarp til laga

[16. mál]

um æskulýðsmál.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 16 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra æskulýðsmála, sem lög þessi fjalla um.

Stofna skal Æskulýðsráð ríkisins, skipað fimm mönnum. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími er tvö ár.

4. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðherra ræður æskulýðsfulltrúa til 5 ára í senn að fengnum tilögum Æskulýðsráðs ríkisins, og greiðast laun hans úr ríkissjóði. Fulltrúinn skal annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið og gegna öðrum þeim störfum að æskulýðsmálum, sem ráðherra felur honum með erindisbréfi.

9. gr. hljóðar svo:

Önnur starfsemi í þágu æskufólks.

Heimilt skal að styðja einstök verkefni í þágu æskufólks, þ. á m. nýjungar og tilraunir í æskulýðsstarfi, svo og ráðstafanir, sem miða að lausn sérstakra æskulýðsvandamála, er skapast kunna, enn fremur til námskeiða og annars fræðslustarfs einstakra samtaka.